



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bygg@eyjaogmikla.is
Re: Fw: Endurskoðun aðalskipulags Eyja-og Miklaholtshrepps / Verkefnis og matslýsing
Sent: 19.04.2017 13:52:05 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017030038, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2017030038

Vísað er til bréfs frá Eyja- og Miklaholtshreppi, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verkefnis- og matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu á verkefninu og telur að þar sé komið inn á flesta þá þætti sem fjalla þarf um við gerð aðalskipulags. Á þessu stigi er að sjálfsögðu ekki hægt að meta hvort farið verði nægjanlega ítarlega, í skipulaginu, í þá þætti sem falla undir hlutverk Náttúrufræðistofnunar þ.e. náttúrufar og verndargildi þess. Og enn síður hægt að meta hvort niðurstaða skipulagsins verði með þeim hætti að það taki tillit til náttúrufars og rýri ekki verndargildi náttúruminja nema brýna nauðsyn beri til.

Í sveitarfélaginu eru merkar náttúruminjar sem íbúum þess og skipulagsyfirvöldum sveitarfélagsins eru vel kunnar, bæði jarðmyndanir og lífríki, friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá. Eins og bent er á í framangreindri lýsingu hafa ný náttúruverndarlög nr. 60/2013 tekið gildi og í þeim er að finna ýmsar „leiðbeiningar“ um þætti sem taka þarf tillit til, beint og óbeint við gerð skipulags. Hér má nefna t.d. 2. og 3. gr. laganna, greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, **61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl.**, síðan má nefna 63. grein um framandi lífverur og **svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73. þar sem komið er m.a. inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.**

Einnig þarf að skoða lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994.

Það er því fjölmargt sem taka þarf tillit til við gerð aðalskipulags fyrir hreppinn og því betri sem grunnvinnan er og ef vilji er til að vinna í anda náttúruverndarlaganna þá er engin ástæða til að ætla annað en að hægt sé að ná fram bæði vernd og nýtingu sem þjóni markmiðum bæði sveitarfélagsins og markmiðum laga um náttúruvernd, sem vonandi eru þau sömu.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulaginu byggji á sem bestum þekkingargrunni og alltaf sé leitað nýrra leiða ef ástæða er til að ætla að áhrif skipulagsákvæðana verði líklegar til að hafa neikvæð áhrif á náttúruna.

Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar er að finna ýmsar upplýsingar um náttúru landsins og er hér sérstaklega bent á Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54 um Vistgerðir á Íslandi, sjá <http://www.ni.is/grodur/vistgerdir> .

Kveðja

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 30.03.2017 09:00:09
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Endurskoðun aðalskipulags Eyja-og Miklaholtshrepps / Verkefni og matslýsing

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 30.03.2017 09:00 -----

bygg@eyjaogmikla.is>

From: Ragnar Már Ragnarsson <

To: <ni@ni.is>

Date: 29.03.2017 21:48

Subject: Endurskoðun aðalskipulags Eyja-og Miklaholtshrepps / Verkefni og matslýsing

Góðan dag

Meðf. er Endurskoðun aðalskipulags Eyja-og Miklaholtshrepps / Verkefni og matslýsing.

Vinsamlegast áframsendið meðfylgjandi gögn á viðeigandi starfsmenn. Óskað er eftir umsögn

Kveðja

Ragnar M. Ragnarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Eyja og Miklaholtshrepps
Aðalgötu 7, 340 Stykkishólmi
S: 852-7575
Netfang: bygg@eyjaogmikla.is